

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar.

Dagsetning fundar: 4. mars 2010.

Tímasetning fundar: kl. 18:00 - 19:15

Fundarstaður: Amokka Borgartúni.

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	Formaður	Mætt
Jófríður Guðmundsdóttir (JG)	Varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	gjaldkeri	Mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir (AL)	meðstjórnandi	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Félagsgjöld Gígjunnar.

Félagsgjöld til Gígjunnar hafa skilað sér nokkuð vel. Eingöngu 3-4 kórar eru með ógreidd félagsgjöld fyrir árið 2009-10. Ákveðið var að senda póst til þeirra kóra sem ekki voru í sambandinu á síðasta ári en eru farnir að starfa aftur, til að athuga með aðild þeirra að Gígjunni. Einnig að senda áminningu til þeirra kóra sem eru með ógreidd félagsgjöld.

2. Landsmót kvennakóra árið 2010.

Rætt var um landssmótið og um það að Gígjan sé bakland fyrir Kvennakóra sem halda Landsmót, en fyrirspurn barst frá Jórúkörnunum varðandi þetta mál, en þær halda landsmót 2011. Kvennakór Reykjavíkur kom með ósk til Gígjunnar um að ræða við Jórurnar um hvort hægt væri að hliðra til dagsetningu á kóramóti, þar sem Kvennakór Reykjavíkur væri alltaf með 1. maí kaffi á þessum tíma. Þar af leiðandi kæmist einn af stærstu kórum landsins ekki á landsmótið þegar dagsetningin hittir á 1. maí. JG ætlar að senda póst til þeirra vegna þessa erindis til landsmótsnefndar. Einnig var rætt um hvort ekki væri hægt að gera landsmótsmöppu fyrir aðildakóra sem halda landsmót. Einnig hvort ekki væri hægt að fá gestakóra á landsmótið og meira um að fá gestastjórnendur erlendis frá. Tillaga var um að virkja kórstjóra kóranna meira á landsmótunum. Að lokum var ákveðið að ræða við landsmótsnefnd um hvort ekki væri hægt að senda nótur til þeirra kóra sem fara á landsmótið í netpósti þ.e. pdf skjali svo nóturnar berist sem fyrst til kóranna.

3. Tónverkasjóður Gígjunnar.

Rætt hefur verið við Elínu Gunnlaugsdóttur um að semja jólalag fyrir Gígjuna, sem verður 3-4 radda lag ásamt undirleik. Hún hefur tekið verkið að sér og er áætlað að hún skili verkinu af sér um miðjan september.

4. Úthlutun frá SFH.

Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóri SFH hefur ekkert svarað þeim pósti sem Dagbjört Sigurbergsdóttir sendi til hans í október. Þarf því að reyna að ná sambandi við hann til að fá frekari upplýsingar um úthlutanir frá SFH.

5. Fyrirspurn frá Finnlandi.

Fyrirspurn kom frá Finnlandi um hvort hægt væri að auglýsa hjá Gígjunni samkeppni um tónverk. Þetta er samkeppni um tónverk fyrir kvennakóra. Ákveðið var að athuga hjá Félagi tónskálda og textahöfunda hvernig áhugi væri hjá þeim á þessum vettvangi og hvort tónskáld hjá þeim hefðu áhuga á að senda tónverk í samkeppnina.

6. Niðurstöður úr könnunum.

Ákveðið var að reyna að setja upp á síðu Gígjunnar tengla með þeim stöðum, sem hægt væri að vera í æfingabúðum þ.e. landshlutar, staðir, vefföng og símar. Einnig tengla vegna erlendra kóramóta og samkeppna þannig að kórar ættu auðveldara með að finna upplýsingar beint af Gígjunni.

7. Nótanefnd.

Rætt var um að taka saman kvennakóralög, til þess að þau verið aðgengileg fyrir kórana. Fyrri stjórn hafði gert samkomulag við Tónverkamiðstöðina. SH ætlar að hafa samband við Sigrúnu Óskars sem var með þetta mál til að athuga með stöðuna og fá nánari upplýsingar um samkomulagið.

8. Landsmótið Ýdölum.

JG ætlar að senda póst á Margréti Bóasdóttur um upplýsingarnar er varða 1. landsmót kvennakóranna til að hægt sé að setja þær sem fyrst á síðu Gígjunnar.

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund þann 13. maí kl. 18:00 á Amokka. Fundi var slitið kl. 19:15.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir